

Flokkunarkerfi íslenskra stofnanaheimila og leiðbeiningar um flokkun í manntali

1. útgáfa



Samantekt

Í greinargerð þessari eru lögð fram drög að fyrsta íslenska flokkunarkerfi stofnanaheimila og gefnar leiðbeiningar um hvernig flokka megi eftir því í manntali. Flokkunarkerfið byggir í meginatriðum á skilgreiningum reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1201/2009 um innleiðingu manntala og húsnæðistala.

Þrjú meginhugtök eru skilgreind og aðlöguð íslenskum veruleika — stofnanaheimili (e. *institutional households*), stofnanaíbúar (e. *institutional population*) og sambýlishúsnæði (e. *collective living quarters*). Meginflokkar íslenskra stofnanaheimila eru námsgarðar, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, stofnanir fyrir börn og unglinga, studd búseta, fangelsisstofnanir, trúarreglur, vinnubúðir og aðrar stofnanir.

Flokkunarkerfinu er ætlað að veita heildstætt yfirlit yfir íslensk stofnanaheimili, gera skýr skil á milli einkaheimila og stofnanaheimila og um leið fanga eðlisbreytingar yfir tíma í þeirri þjónustu sem stofnanir veita.

English summary

This report presents an Icelandic classification system for institutional households, based on the definitions of the Commission Regulation (EC) No 1201/2009¹. In addition, the report provides guidance as to how institutional households should be classified in the Icelandic register-based census.

The report defines in particular three main concepts, adapting those to Icelandic conditions— institutional households, institutional population, and collective living quarters. The eight main categories of the classification system are student housing, nursing homes, children institutions, assisted living facilities, prisons, religious orders, working camps, and other institutions.

¹ OJ L 329/29 15.12.2009.

Efnisyfirlit

Samantekt	2
English summary	2
Inngangur	4
Lykilhugtök flokkunarkerfisins.....	5
Stofnanaheimili	5
Hvað er stofnun?	5
Nánari flokkun og skilgreining undirflokka.....	7
1 Námsgarðar og heimavistir	7
2 Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir	8
3 Stofnanir fyrir börn og unglunga	9
4 Studd búseta.....	9
5 Fangelsisstofnanir.....	12
6 Trúarreglur.....	12
7 Vinnubúðir	12
8 Aðrar stofnanir	12
Lykilhugtök fyrir flokkun í manntali.....	13
Sambýlishúsnaði.....	13
Stofnanaíbúar	13
Leiðbeiningar fyrir flokkun í manntali	15
Gögn	15
Meginreglur um flokkun.....	15
Einkaheimili á hótelum og gistiheimilum	15
Nánari leiðbeiningar um einstaka flokka stofnanaheimila.....	16
Heimildir	19
Viðauki 1: Búseta aldraðra utan stofnana.....	20
Viðauki 2: Íslenskar stofnanir í manntalinu 2011	21

Inngangur

Hagstofa Íslands stóð að gerð manntals og húsnæðistals miðað við árslok 2011. Reglugerð Evrópusambandsins (ESB) nr. 763/2008 skuldbindur aðildarríkin til að taka manntöl og húsnæðistöl á tíu ára fresti, en reglugerðin var tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (hagskýrslugerð) við EES-samninginn og er því lagalega bindandi hérlandis.

Við undirbúning að íslenska manntalinu 2011 kom í ljós þörf fyrir heildstætt flokkunarkerfi stofnanaheimila. Slíkt flokkunarkerfi fyrirfinnst ekki, en gera skal stofnunum og íbúum þeirra sérstök skil í manntalinu. Megintilgangur flokkunarkerfisins er að skýra mörk á milli einkaheimila og stofnanaheimila í manntali, auk þess að veita heildstætt yfirlit yfir íslensk stofnanaheimili. Flokkunarkerfið beinir kastljósinu að meginhlutverki stofnana og þjónustu veittri innan þeirra, en lítur ekki til tegunda rýma eða rekstrarforms stofnana. Með þeirri nálgun er vonast til að flokkunarkerfið standist tímans tönn, óháð skilgreiningum og lagalegum ramma stjórnvalda hverju sinni.

Stefna þessi er tekin í ljósi breytinga á undanförunum árum í félagslegum húsnæðisúrræðum fyrir aldrað og fatlað fólk, en þær kalla á að skýrð séu mörk milli einkaheimila og stofnana. Með nýjum lögum um málefni fatlaðs fólks er til dæmis horfið frá fyrri skilgreiningum um sambýli og aðrar stofnanir fyrir fatlað fólk² en þess í stað rætt um íbúðir og íbúðarkjarna.³ Með sama hætti er stefnt að því að dvalarheimili fyrir aldraða verði smám saman lögð niður en þess í stað boðið upp á studda sjálfstæða búsetu þar sem þjónustan er sniðin að þörfum hins aldraða.⁴

Í hagskýrslugerð getur verið varasamt að fylgja í blindni skilgreiningum stjórnsýslunnar, einkum gildir það ef tilhneiging er til þess að skipta út hugtökum sem hafa fengið neikvæða merkingu í viðleitni til að vinna gegn mismunun. Í þeim tilvikum er veitt sama þjónusta og aðstæður notendanna eru óbreyttar þó að ný hugtök hafi verið tekin í notkun.

Flokkunarkerfið byggist í öllum meginatriðum á hugtakaskilgreiningum evrópska manntalsins eins og þær eru settar fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 um manntöl og húsnæðistöl,⁵ sem skilgreinir efnisþættina og sundurliðun þeirra. Hugtökin eru þó sniðin að íslenskum veruleika. Meginhugtökin eru þrjú: Stofnanaheimili (e. *institutional households*), stofnanaíbúar (e. *institutional population*) og sambýlishúsnæði (e. *collective living quarters*).

Umsjón með þessari skýrslu höfðu Ómar S. Harðarson og Jórunn Íris Sindradóttir. Auk þeirra vann Kristinn Karlsson hjá Hagstofu Íslands að gerð flokkunarkerfisins. Hagstofan naut ennfremur liðsinnis Steinunnar Kristínar Jónsdóttur, félagsráðgjafa hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi, við flokkun studdrar búsetu aldraðra. Flokkunarkerfið var sent til umsagnar hjá velferðarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og félagsmálastjórum stærstu sveitarfélaga á landinu. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir framlagið.

² Sbr. reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002 (fallin að mestu úr gildi).

³ Sbr. reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 4/2010.

⁴ Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2008, Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009 og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2010.

⁵ Commission Regulation (EC) No. 1201/2009 (OJ L 329, 15.12.2009).

Lykilhugtök flokkunarkerfisins

Stofnanaheimili

Til grundvallar skilgreiningu á hugtakinu stofnanaheimili eru lagðar manntalsreglugerð EB nr. 1201/2009, skýrsla sem tekin var saman eftir ráðstefnu evrópskra hagstofustjóra árið 2006⁶ og loks orðasafn Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).⁷ Í kaflanum er einnig fjallað um þær breytingar sem átt hafa sér stað í stofnanaumhverfinu á seinustu árum og rætt um hvaða afleiðingar slíkt hefur fyrir skilgreiningar flokkunarkerfisins og hagskýrslugerð um stofnanaheimili. Í kafla 4 er fjallað nánar um hin hugtök tvö, sambýlishúsnæði og stofnanaíbúa, en þau hugtök snúa að því að þekja stofnanaíbúa í manntali fremur en almennu flokkunarkerfi stofnanaheimila fyrir hagskýrslugerð.

Stofnanir eru lögaðilar sem hafa það að markmiði að veita *hópi fólks* húsnæði og þjónustu til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis). Öll stofnanaheimili á Íslandi er hægt að flokka í eftirfarandi átta meginflokka:⁸

- a) Námsgarðar
- b) Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir
- c) Stofnanir fyrir börn og unglunga
- d) Studd búseta
- e) Fangelsisstofnanir
- f) Trúarreglur
- g) Vinnubúðir
- h) Aðrar stofnanir

Hvað er stofnun?

Á undanförunum áratugum hafa átt sér stað miklar breytingar á þeirri þjónustu sem stofnanir veita, bæði vegna bættis almenns efnahags og breyttra viðhorfa. Í stað þess að safna fólki saman í stórar stofnanir með sameiginlegum svefnrymum, eða herbergjum sem jafnvel þarf að deila með öðrum einstaklingum, er húsnæðisþörf notendanna í vaxandi mæli mætt með því að skipuleggja húsnæðið sem litlar, sjálfstæðar íbúðir þar sem einstaklingarnir geta sjálfir, ef þeir svo kjósa, rekið sitt eigið heimili með eða án stuðnings. Þessi þróun hefur verið mest áberandi í byggingu húsnæðis fyrir aldraða, fatlað fólk og nemendur á háskólastigi.

Breyting á stofnanaumhverfinu hvað þetta varðar hefur gert mörkin á milli einkaheimila og stofnanaheimila óskýrari. Það gerir líka alla flokkun í hagskýrslugerð erfiðari, því þar er markmiðið annars vegar að flokka saman samkynja fyrirbæri frá einum tíma til annars, jafnframt því sem gera þarf nýjum veruleika skil.

Flokkun húsnæðis fyrir nemendur er hér skýrt dæmi. Til skamms tíma var húsnæði fyrir námsmenn fyrst og fremst byggt sem heimavistir eða námsgarðar, þar sem boðið var upp á herbergjaleigu með eða án herbergisfélaga. Í skólum þar sem reknir eru námsgarðar er nánast undantekningalaust boðið upp á mötuneyti fyrir námsmennina, hvort sem það er í beinum tengslum eða ekki við húsnæðið. Á seinni árum hefur áherslan í byggingu námsgarða breyst í þá átt að bjóða upp á sjálfstæðar íbúðir fyrir einstaklinga og fjölskyldur og minnka jafnframt eða leggja alveg af sameiginleg rými, svo sem

⁶ United Nations 2006.

⁷ OECD 2011.

⁸ Í tilmælum ráðstefnu evrópsku hagstofustjóranna (United Nations 2006) eru herbraggar einnig tilteknir sem stofnanaheimili, en þeirri meginflokkan er sleppt í íslensku aðlöguninni.

setustofur og lesstofur í húsnæðinu.⁹ Samskonar þróun hefur átt sér stað hvað varðar húsnæði og þjónustu við fatlað fólk¹⁰ og aldraða.¹¹

Spurningin fyrir hagskýrslugerðina er: Er hér um að ræða breytingu úr stofnanaheimilum í einkaheimili, eða má enn flokka hin nýju heimili sem stofnanaheimili? Ef þetta eru enn stofnanaheimili, er þá ekki rétt að gera grein fyrir nýjum veruleika með nýjum flokkum innan flokkunarkerfisins?

Ef litið er til þess að skilgreining á stofnunum felst í því að veita tilteknum hópi notenda ákveðna þjónustu, einkum húsnæði og fæði, þá verður ekki séð að breyting á húsnæðinu, aukið sérrými og annað slíkt skipti neinu máli hvað varðar stofnanaskilgreininguna. Námsgarðar halda áfram að vera námsgarðar, hvort sem breytt er úr tveggja manna herbergjum í eins manns herbergi, eða frá herbergisleigu í íbúðarleigu. Þjónustan er bundin við tiltekinn hóp einstaklinga sem njóta hennar á meðan þeir stunda nám. Aðrir fá hana ekki.¹²

Það eru ekki aðeins breytingar á húsnæðisframboði stofnana sem þarf að gá að. Í sumum tilvikum, eins og til dæmis hvað varðar dvalarheimili fyrir aldraða þar sem boðið er upp á litla sem enga hjúkrun, hafa engar breytingar orðið á framboði þjónustunnar. Hins vegar hafa komið fram ný úrræði fyrir aldraða sem þurfa á svipuðum stuðningi að halda, en þá í formi leiguíbúða og eignaríbúða í íbúðakjörnum eða fjöleignarhúsum sem sérstaklega eru ætluð öldruðum. Ef rekstraraðilar þessara íbúða bjóða upp á fæði og sólarhringsvakt, þá er í reynd afar lítil munur á þeim og dvalarheimilum aldraða.

Það er því niðurstaða skýrsluhöfunda að breytingar á húsnæðiskostum sem stofnanir bjóða upp á valdi ekki eðlisbreytingu á búsetu og heimilisaðstæðum þeirra sem njóta, þ.e. breyta ekki um stofnanaeðli búsetunnar. Hins vegar er eðlilegt að gert sé ráð fyrir slíkum breytingum í flokkun stofnana.

⁹ Í þessu sambandi má nefna að stúdentagarðar Félagsstofnunar stúdenta, sem nýlega hafa verið teknir í notkun, eru eingöngu með einstaklings- eða fjölskylduíbúðir. Dæmi eru einstaklingsíbúðir á Skuggagarði við Lindargötu, fjölskyldugarðar í Skógargarði í Fossvogi og loks fyrirhugaðir stúdentagarðar við Sæmundargötu (Félagsstofnun stúdenta — Stúdentagarðar 2012).

¹⁰ Félagsmálaráðuneytið (2006) og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 4/2010.

¹¹ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

¹² Raunar er í samþykktum flestra húsnæðisfélaga námsmanna að leigja megi ónotað húsnæði á almennum markaði. Í þeim tilvikum er húsnæðisfélagið talið vera almennur leigusali en ekki stofnun.

Nánari flokkun og skilgreining undirflokka

Í þessum kafla eru átta flokkar stofnana sem nefndir voru hér að ofan skilgreindir nánar og flokkaðir í undirflokka (sjá töflu 1).¹³

Ýmsar stofnanir má flokka á fleiri en einn veg.¹⁴ Í þeim tilvikum skal flokka stofnanirnar eftir megintilgangi eða aðalnotendahópum. Ef óljóst er hvernig flokka skal stofnun má líta á röð flokkanna í töflu 1 sem forgangs röðun.

Tafla 1. Flokkunarkerfi íslenskra stofnanaheimila

1	Námssgarðar
1.1	Námssgarðar
2	Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir
2.1	Heilbrigðisstofnanir
2.2	Öldrunarstofnanir
3	Stofnanir fyrir börn og unglinga
3.1	Barna- og unglingaheimili
4	Studd búseta
4.1	Dvalarheimili
4.2	Studd búseta aldraðra
4.3	Studd búseta fyrir fatlað fólk
4.4	Athvörf fyrir heimilislauða
5	Fangelsisstofnanir
5.1	Fangelsi og áfangaheimili fanga
6	Trúarreglur
6.1	Trúarreglur
7	Vinnubúðir
7.1	Vinnubúðir og starfsmannabúðir
8	Aðrar stofnanir
8.1	Heimili fyrir hælisleitendur

1 Námssgarðar og heimavistir

Námssgarðar eru bústaðir sem aðallega eru ætlaðir til notkunar nemenda, maka þeirra og barna við háskóla og framhaldsskóla. Þeir eru einkum reknir af húsnæðisfélögum námsmanna eða á vegum skólastofnunar. Íbúðir eða herbergi eru að jafnaði leigð út til 12 mánaða í senn, eða til eins skólaárs (nínu mánaða). Mötuneyti eru ógjarnan rekin í tengslum við námssgarða, frekar innan skólastofnunarinnar sjálfar.

Námssgördum er ekki skipt í undirflokka í flokkunarkerfinu. Til flokksins tilheyra annars vegar námsmannaíbúðir og hins vegar herbergjaleiga. Námsmannaíbúðir eru sérstakar íbúðareiningar sem leigðar eru út til einstaklinga eða fjölskyldufólks. Þær hafa sérstaka eldunaraðstöðu, stofu, salerni, baðaðstöðu og svefnherbergi sem ekki er deilt með öðrum en nánustu fjölskyldu. Til herbergjaleigu teljast heimavistir og námssgarðar með einstaklingsherbergjum eða herbergjum sem tveir eða fleiri nemendur deila með sér, en gjarnan er boðið upp á sameiginlega aðstöðu, s.s. eldunaraðstöðu, salerni, böð, setustofur eða lesherbergi.

¹³ Sjá viðauka 3 fyrir lista yfir íslenskar stofnanir í manntali 2011 samkvæmt flokkunarkerfinu.

¹⁴ Til að mynda í þeim tilvikum þar sem ólíkir flokkar stofnana er að finna á sama heimilisfangi, en lögaðili er sá sami. Í þeim tilvikum ræður megintilgangur eða notendahópur. Sé um að ræða ólíka lögaðila eru ólíkir flokkar stofnana hins vegar ekki flokkaðir saman.

2 Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir

Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir eru stofnanir þar sem boðið er upp á umfangsmikla þjónustu fyrir notendurna, s.s. fæði, húsnæði, hjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Tveir undirflokkar eru skilgreindir fyrir heilbrigðis- og öldrunarstofnanir. Fyrri flokkurinn tekur til allra heilbrigðisstofnana annarra en þeirra sem sérstaklega er ætlað að sinna öldruðum, en slíkar stofnanir falla í seinni flokkinn.

2.1 Heilbrigðisstofnanir

Til heilbrigðisstofnana teljast sjúkrahús og aðrar stofnanir þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, endurhæfingarstofnanir þar sem sjúklingum er veitt hvers konar endurhæfingarþjónusta og loks meðferðar- og áfangaheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Meðferðarheimili fyrir börn falla hins vegar undir flokkinn 3.1 *Barna- og unglingaheimili*.

2.2 Öldrunarstofnanir

Til öldrunarstofnana teljast stofnanir ætlaðar öldruðum sem þurfa daglega hjúkrun, aðstoð við athafnir daglegs lífs og endurhæfingu. Þjónustan sem þar er veitt er víðtæk, og lýtur m.a. að heimilishaldi, þrifum á húsnæði, þvottum, hjúkrunar- og lækniþjónustu og endurhæfingu.¹⁵ Til að fá aðgang að öldrunarstofnunum þarf að liggja fyrir gilt vistunarmat, en það er skilgreint sem „faglegt, einstaklingsbundið mat á þörf fyrir vistun á stofnun“, samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Til öldrunarstofnana teljast hjúkrunarheimili, blönduð heimili með bæði hjúkrunar- og dvalarrýmum,¹⁶ og hjúkrunarsambýli fyrir heilabilaða aldraða.

Hjúkrunarheimili eru skilgreind í 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999:

Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eru ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum, sbr. 1. tölul. Þar skal veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkennum. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtíavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.

Á hjúkrunarheimilum er oftast boðið upp á dvöl í einstaklingsherbergjum eða sem sjaldgæfara er, í herbergjum sem deilt er með tveimur eða fleirum. Boðið er upp á fullt fæði, og eins og ofar segir hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingu. Misjafnt er hvort snyrtiaðstaða er til einkaafnota eða sameiginleg, en ávallt er boðið er upp á fullt fæði og sameiginlega aðstöðu í mótuneyti og setustofum.¹⁷

Eins og ofar segir falla öll heimili fyrir aldraða þar sem bæði er um hjúkrunar- og dvalarrými að ræða undir öldrunarstofnanir. Það er frávik frá þeirri meginreglu að fara skuli eftir megintilgangi stofnunar, en þessi leið er farin til að flokka samskonar stofnanaheimili eftir sem áður í einn og sama flokkinn. Á blönduðum heimilum er auk þess að öllu jöfnu veitt víðtækari þjónusta en á heimilum með dvalarrýmum eingöngu, þar sem þjónustan er fremur í ætt við studda búsetu.

¹⁵ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

¹⁶ Eins og ofar segir er kastljósinu beint að eðli stofnananna sjálfra í flokkunarkerfinu, en ekki rýmum innan þeirra. Því er þeirri reglu fylgt að stofnanir með bæði hjúkrunar- og dvalarrýmum skuli teljast til öldrunarstofnana, en stofnanir þar sem eingöngu er að finna dvalarrými (þar sem hjúkrunarþjónusta er í lágmarki) skuli teljast til studdrar búsetu aldraðra. Því eru dvalarheimili talin til flokksins 4.1 *Dvalarheimili*.

¹⁷ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

Þá teljast til flokksins hjúkrunarsambýli fyrir heilablað aldrað fólk á nokkrum stöðum á landinu, sem rekin eru á svipaðan hátt og hjúkrunarheimili en eru að öllu jöfnu mun smærri heimili.

3 Stofnanir fyrir börn og unglunga

Stofnunum fyrir börn og unglunga er ekki skipt í undirflokk. Um er að ræða barna- og unglungaheimili, svokölluð fjölskylduheimili og unglungaheimili. Síðasttöldu heimilin eru gjarnan nefnd meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum, einkum hvað unglungaheimilin varðar, er aðeins stefnt að skammtíamavistun.

Fjölskylduheimili eru heimili með sólarhringsvistun fyrir börn og unglunga vegna barnaverndarmála. Þau eru rekin á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og eru skilgreind sem faglegt sérúrræði Barnaverndar Reykjavíkur í erfiðum barnaverndarmálum.¹⁸

Undir unglungaheimili falla öll heimili fyrir börn og unglunga sem snúa að hegðunarerfiðleikum, afbrotum eða vímuefnavanda.¹⁹ Afar óalgengt er þó að meðferðin nái heilu ári samfleytt.²⁰

4 Studd búseta

Með studdri búsetu (e. *assisted living facilities*) er átt við þær stofnanir þar sem boðið er upp á fæði eða mótuneyti, húsnæði og gjarnan einhverja þjónustu á vegum stofnunarinnar. Sameiginleg aðstaða er oftast en ekki í boði, einkum setustofur, mótuneyti og í sumum tilvikum bað- og snyrtiaðstaða. Rekstrarform getur verið með ýmsu sniði, t.d. getur húsnæðið verið leigt út eða í búseturétti. Ef um eignaríbúðir er að ræða er eignin undantekningarlaust með kvöðum til að hægt sé að úthluta eða selja íbúðina til annarra sem taldir eru í þörf fyrir þjónustuna. Ef boðið er upp á hjúkrun er hún í lágmarki, í formi heimahjúkrunar eða aðkeyprtar hjúkrunarþjónustu.

Þessum flokki er skipt niður í fjóra undirflokk, sem fjallað er um hér á eftir.

4.1 Dvalarheimili

Dvalarheimili eru stofnanir fyrir aldraða, þar sem boðið er upp á dvöl í herbergi eða litlum íbúðum. Gjarnan er boðið upp á fullt fæði, en hjúkrun og aðstoð við athafnir daglegs lífs er lítil. Algengast er að snætt sé í mótuneytum, þá er boðið upp á sameiginlega aðstöðu, s.s. setustofur, snyrtingu og böð.

Öldrunarstofnanir sem bjóða upp á bæði hjúkrunar- og dvalarrými fyrir aldraða skal telja með 2.2 *Öldrunarstofnanir*.

Skilgreining dvalarheimila er eftirfarandi samkvæmt 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999:

Dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannað fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og vöð á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraðra og skal byggjast á hjálpi til sjálfshjálpar.

Mjög fá heimili með dvalarrýmum eingöngu eru eftir enda eru þau á undanhaldi eftir því sem þjónusta við aldraða búsetta á einkaheimilum eykst.²¹ Þannig má gera ráð fyrir að þessi undirflokkur tæmist í náninni framtíð.

4.2 Studd búseta fyrir aldraða

¹⁸ Velferðarsvið Reykjavíkurborgar 2010.

¹⁹ Barnaverndarstofa 2011.

²⁰ Haukur Hauksson, Barnaverndarstofa, símtal 11. október 2011.

²¹ Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2008 og Hagstofa Íslands 2010.

Með studdri búsetu fyrir aldraða er átt við sambýlishúsnæði²² þar sem boðið er upp á a.m.k. hálf tæði²³ og sólarhringsvakt heilbrigðisstarfsmanns eða jafngilt öryggiskerfi. Miðað er við að þjónustan sé veitt í sambýlishúsnæðinu sjálfu, en sé hún veitt utan þess skal vera innangengt þar á milli. Aðeins er boðið upp á séríbúðir til leigu, búseturéttar eða séreignar, með kvöðum um endurkaupsrétt stofnunarinnar eða sveitarfélagsins sem rekur húsnæðið. Oftast eru íbúðir sem þessar kallaðar þjónustu- og öryggisíbúðir. Gjarnan er boðið upp á sameiginlega aðstöðu, s.s. mötuneyti og setustofur, auk þess sem þjónustuaðilar hafa oft aðstöðu í húsnæðinu, s.s. vegna hjúkrunar eða snyrtingar.

Húsnæði fyrir aldraða þar sem ekki er hvorutveggja í boði, hálf tæði og sólarhringsvakt heilbrigðisstarfsmanns, telst **ekki** til studdrar búsetu fyrir aldraða. Íbúðir aldraðra sem falla undir skilgreiningu virkniíbúða, þ.e. íbúðir með aðgengi að a.m.k. hádegismat, félagsstarfi og í mörgum tilvikum fjölbreyttri þjónustu,²⁴ teljast ekki til studdrar búsetu fyrir aldraða heldur sem einkaheimili.²⁵ Í Viðauka 1 er gerð nánari grein fyrir virkniíbúðum og hvernig flokka megi húsnæði aldraðra utan stofnana.

4.3 Studd búseta fyrir fatlað fólk

Studd búseta fyrir fatlað fólk teljast hvers kyns herbergjasambýli, íbúða- og þjónustukjarnar, áfangastaðir, skammtímavistun, vernduð heimili fyrir geðfatlaða, heimili fyrir fötluð börn o.s.frv. Gjarnan er boðið upp á sameiginlega aðstöðu, s.s. eldunaraðstöðu, setustofur og snyrtiaðstöðu. Oftast er einnig um að ræða sérstaka aðstöðu fyrir starfsfólk sem aðstoðar við athafnir daglegs lífs. Í flestum tilvikum sjá íbúarnir sjálfir, með eða án aðstoðar, um eldun og fæðisöflun.

Undirflokkur þessi tekur yfir öll búsetuúrræði fatlaðs fólks, og eru búsetuúrræðin skilgreind nánar hér að neðan.

Sambýli voru í reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002²⁶ skilgreind sem fámenn heimili hópa fatlaðra. Í reglugerðinni kom fram að einstaklingar skyldu hafa sérherbergi með snyrtingu ef kostur væri, en önnur rými væru sameiginleg. Almennt er um sólarhringsþjónustu að ræða. Reglugerðin hefur verið felld á brott, en slík heimili eru þó áfram rekin með svipuðu sniði.

Í nýrri reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 4/2010 er talað um íbúða- og þjónustukjarna. Í íbúðarsambýli hefur hver einstaklingur yfir að ráða eigin íbúð auk þess að hafa aðgang að sameiginlegu rými, en þiggur almennt sólarhringsþjónustu frá starfsfólki samkvæmt þjónustusamningi. Í þjónustukjörnum er einnig hver með sína íbúð og er starfsmannaaðstaða í einni íbúð hússins. Almennt er um sólarhringsþjónustu að ræða en þó finnast þjónustukjarnar án næturvaktar eða viðveru starfsmanns allan sólarhringinn.

Áfangastaður er síðan þriðji undirflokkurinn, skilgreindur skv. 5. gr. hinnar brottföllnu reglugerðar um búsetu fatlaðra sem „dvalarstaður fyrir fatlaða þar sem þeim er gefinn kostur á að búa tímabundið eftir að þeir hafa dvalið á stofnun og til að undirbúa sjálfstætt líf“. Í skýrslu geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss frá árinu 2007²⁷ segir ennfremur að áfangastaður sé „endurhæfingarstaður þar sem lögð sé áhersla á búsetuþjálfun og hjálp við að standa sem mest á eigin fótum. Íbúar sjá sjálfir um heimilishaldið, leiðbeinandi kemur hluta úr degi og aðstoðar við það sem til þarf. Dvöl á áfangaheimili er að öllu jöfnu ekki lengri en eitt ár“. Um er að ræða herbergi með sameiginlegri

²² Sambýlishúsnæði er húsnæði skipulagt til íbúðar fyrir stóra hópa einstaklinga eða fleiri en eitt einkaheimili (sjá kafla 4.1).

²³ Þar nægir að boðið sé annað hvort upp á hádegismat eða kvöldmat.

²⁴ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

²⁵ Sjá umfjöllun um búsetu aldraðra utan stofnana í viðauka 2.

²⁶ Felld brott með reglugerð nr. 4/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

²⁷ Geðsvið Landspítala 2007.

aðstöðu (s.s. eldhús, salerni og stofu). Veitt er sólarhringsþjónusta og dvalartími alls frá 6 mánuðum til 36 mánaða.

Fjórði undirflokkur studdrar búsetu fyrir fatlaða eru búsetukjarnar fyrir geðfatlaða. Slík heimili hafa verið rekin sem vernduð heimili, skilgreind á eftirfarandi hátt í skýrslu geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss:

Vernduð heimili eru heimili sem geta tekið við af áfangastað. Það eru heimili þar sem 3–5 einstaklingar búa saman. Íbúar sjá sjálfir um rekstur heimilisins eins og á áfangastað. Stuðningur er mismikill, allt frá því að aðstoð sé veitt einu sinni í viku upp í fimm sinnum í viku.

Samkvæmt velferðarsviði Reykjavíkurborgar,²⁸ hafa hin eiginlegu vernduðu heimili ýmist verið lögð niður, eða falla undir svokallað „sólarlagsákvæði“, þ.e. rýmum er ekki endurúthlutað en fyrrum íbúar hins verndaða heimilis hafa þó kosið að búa þar áfram saman. Önnur úrræði hafa tekið við, en Reykjavíkurborg hefur til að mynda sett á stökk búsetukjarna fyrir geðfatlað fólk. Hver íbúi innan búsetukjarna hefur eigin íbúð, með aðgang að þjónustuíbúð þar sem finna má sameiginlega aðstöðu. Aðgengi er að starfsfólki, í sumum tilfellum allan sólarhringinn.

Fimmti undirflokkurinn er skammtímavistun, skilgreind í 14. gr. reglugerðar um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra nr. 155/1995 sem þjónustustofnun, þar sem fjölskyldur fatlaðra skuli eiga kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Ennfremur segir:

Þjónustunni er ætlað að léttu álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir, sem búa í heimahúsum, skulu einnig eiga kost á skammtímavistun með það markmið að léttu álagi af fjölskyldum þeirra og veita hinum fötluðu tilbreytingu eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum.

Sjötti og síðasti undirflokkur studdrar búsetu fyrir fatlað fólk eru heimili fyrir fötluð börn. Heimili fyrir fjölfötluð börn eru skilgreind á eftirfarandi máta í 7. gr. reglugerðar um búsetu fatlaðra nr. 296/2002:²⁹

Börn á aldrinum 0–18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum skulu eiga kost á dvöl á sérstökum heimilum fyrir börn. Skilyrði slíkrar dvalar er að hún sé í þágu barns og að ósk foreldra/forsjáraðila og að leitað hafi verið allra leiða til að styðja og styrkja fjölskyldu barns til að annast það heima.

Aðeins eitt heimili fyrir fötluð börn er rekið á landinu, en það er rekið á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

4.4 Athvörf fyrir heimilislausa

Hér undir falla allar stofnanir fyrir heimilislausa, s.s. gistiskýli og athvörf ætluð til næturdvalar, færanleg smáhýsi fyrir einstaklinga eða pör, og önnur heimili fyrir heimilislausa. Í flestum tilvikum er aðstaða sameiginleg, og ekki er gert ráð fyrir að um sé að ræða langtímabúsetuúrræði.³⁰

Flestar stofnanir fyrir heimilislausa eru reknar í forsvari Reykjavíkurborgar, ýmist í samvinnu við félagasamtök eða á vegum einkaaðila.

²⁸ Jóna Rut Guðmundsdóttir, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, tölvupóstur 16. nóvember 2011.

²⁹ Reglugerðin var felld brott með reglugerð nr. 4/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Reglugerðin heldur þó gildi sínu meðan heimili fyrir fjölfötluð börn eru enn starfandi.

³⁰ Reykjavíkurborg 2011.

5 Fangelsisstofnanir

Fangelsi eru stofnanir undir umsjón Fangelsismálastofnunar þar sem einstaklingar taka út refsivist, sæta gæsluvarðhaldi eða eru undir sérstakri umsjón á áfangaheimilum fyrir fanga eftir fullnustu refsingar.

Samkvæmt 24. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 getur Fangelsismálastofnun heimilað fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda stundi hann vinnu eða nám sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt, búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti, og vinnan eða námið er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Undir þessa skilgreiningu fellur áfangaheimilið Vernd í Reykjavík og afplánun refsingar á öðrum stofnunum, s.s. á Sólheimum í Grímsnesi. Í flokkunarkerfinu fellur áfangaheimilið Vernd undir flokkinn 5. *Fangelsisstofnanir* en Sólheimar falla undir 4.3 *Studd búseta fatlaðs fólks*, vegna þeirrar reglu að stofnanir eru flokkaðar eftir megintilgangi þeirra eða aðalnotendahópnum.

6 Trúarreglur

Til trúarreglna teljast klaustur, systrareglur og prestsetur þar sem tveir eða fleiri prestar halda saman heimili. Slíkar stofnanir eru flestar á vegum kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

7 Vinnubúðir

Vinnubúðir á Íslandi hafa fyrst og fremst verið í tengslum við umfangsmikla mannvirkjagerð, s.s. virkjanaframkvæmdir og vegaf framkvæmdir, ásamt verbúðum í tengslum við sjávarútveg eða landbúnað. Flestar eru vinnubúðirnar í bráðabirgðahúsnæði og dvöl starfsmanna þar í skamman tíma. Í vinnubúðum er oftast um sameiginlega matseld að ræða, auk sameiginlegra setustofa, tómsunda- aðstöðu og snyrtiaðstöðu.

Samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti eru vinnubúðir starfsleyfis skyld starfssemi og því þurfa rekstraraðilar að sækja um leyfi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit hvers heilbrigðiseftirlitssvæðis hefur eftirlit með og yfirlit yfir starfræktar búðir. Hér verður að nefna að í einhverjum tilvikum leigja stofnanir og fyrirtæki íbúðir til starfsmanna sinna, en slíkt fellur ekki undir ákvæði um starfsleyfi.

8 Aðrar stofnanir

Aðeins einn flokkur stofnana telst til annarra stofnana, en það eru heimili sem ætluð eru fyrir hælisleitendur, rekin á vegum Útlendingastofnunar.

Lykilhugtök fyrir flokkun í manntali

Í kaflanum er haldið áfram þar sem frá var horfið í skilgreiningu lykilhugtaka flokkunarkerfisins (sjá kafla 2), en hér er einblínt á þau tvö hugtök sem snúa sérstaklega að flokkun í manntali. Fyrst er hugtakið sambýlishúsnæði skilgreint, en stofnanir eru eins og fyrr segir hluti þess. Þá er hugtakið stofnanaíbúar skilgreint, en í kafla 6 er að finna nánari leiðbeiningar um flokkun stofnanaíbúa í manntali. Líkt og í kafla 2 eru lagðar til grundvallar umfjölluninni manntalsreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009, skýrsla sem tekin var saman eftir ráðstefnu evrópskra hagstofustjóra árið 2006³¹ og loks orðasafn Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu.³²

Sambýlishúsnæði

Sambýlishúsnæði (e. *collective living quarters*) er húsnæði sem er skipulagt til íbúðar fyrir hópa einstaklinga eða fleiri en eitt einkaheimili. Að minnsta kosti einn einstaklingur verður að eiga búsetu í slíkum vistarverum þegar manntal er tekið. Sambýlishúsnæði hefur gjarnan sameiginleg þægindi, s.s. eldunaraðstöðu og salerni, baðaðstöðu, setustofur eða svefnskála, sem íbúarnir deila með sér. Til sambýlishúsnæðis teljast a) hótél, b) stofnanir og c) búðir.

- a) Hótél eru sérstakir og sjálfstæðir dvalarstaðir í einni byggingu, hluta byggingar eða safni bygginga á einni lóð sem hafa verið byggðar, endurbyggðar eða sem hefur verið breytt til að veita gistingu til einnar nætur eða fleiri gegn gjaldi. Til þeirra teljast gistiheimili, svefnpokapláss, farfuglaheimili og annað gistirými, þó ekki heimagisting sem ekki er hægt að aðgreina frá heimili gestgjafans. Eigi einstaklingar eða fjölskylda búsetu að staðaldri á hóteli skal telja þau til íbúðar í sambýlishúsnæði en ekki hefðbundnu íbúðarhúsnæði. Heimili þeirra teljast þó einkaheimili. Eingöngu skal telja hótél í húsnæðistalinu ef að minnsta kosti einn einstaklingur á þar búsetu að staðaldri á viðmiðunardegi manntals.
- b) Stofnanir eru sérstakir og sjálfstæðir dvalarstaðir í einni byggingu, hluta byggingar eða safni bygginga á einni lóð sem hafa verið reistar eða hefur verið breytt til að hýsa að staðaldri hópa einstaklinga, sem lúta sameiginlegri yfirstjórn eða skilyrðum, eða eru bundnir af sameiginlegum markmiðum eða persónulegum hagsmunum, og eru nýttar til venjulegrar búsetu af minnsta kosti einum einstaklingi á manntalsdegi. Slíkar vistarverur hafa gjarnan sameiginlega aðstöðu svo sem eldunar- og baðaðstöðu, salerni, setustofur og/eða svefnskála. Til stofnana teljast m.a. hjúkrunarheimili, námsgarðar, sjúkrahús, heilsu- og endurhæfingarhæli, velferðarstofnanir, klaustur, fangelsi og meðferðarheimili.
- c) Búðir eru sérstakir og sjálfstæðir dvalarstaðir í byggingum eða hluta þeirra, eða safni bygginga á einni lóð sem reistar eru til skammtímadvalar hóps af fólki sem starfar saman eða hefur sameiginleg markmið eða hagsmuni. Búðirnar eru oft auðvelt að taka niður eða flytja. Slíkar vistarverur hafa gjarnan sameiginlega aðstöðu, s.s. eldunaraðstöðu og salerni, baðaðstöðu, setustofur eða svefnskála. Til búða heyra flóttamannabúðir og vinnubúðir fyrir starfsfólk í sjávarútvegi, landbúnaði, við vegagerð, mannvirkjagerð eða í annarri starfsemi. Eingöngu skal telja búðir í húsnæðistali ef að minnsta kosti einn einstaklingur á þar búsetu að staðaldri á viðmiðunardegi manntals.

Íbúðareiningar sem eru á sömu lóð eða í sömu byggingu og hótél, stofnanir eða búðir, en tilheyra ekki þessu sambýlishúsnæði að öðru leyti (t.d. vegna eignarhalds eða útleigu til annarra aðila en skjólstaðinga viðkomandi stofnunar) falla fyrir utan flokkunina, enda er notkun íbúðareininganna skráð þannig í fasteignaskrá og upplýsingar liggja fyrir um notkun óskyldra aðila.

Stofnanaíbúar

Stofnanaíbúar eru þeir sem hafa vanalega búsetu á stofnanaheimilum. Það eru þeir sem hafa skráð lögheimili sitt á stofnuninni, eða hafa dvalist þar í 12 mánuði eða lengur á viðmiðunardegi manntals,

³¹ United Nations 2006.

³² OECD 2011.

eða gert er ráð fyrir að muni búa þar í að minnsta kosti 12 mánuði samfleytt að viðmiðunardeginum meðtöldum.³³

³³ Gjarnan kallað „12 mánaða reglan“.

Leiðbeiningar fyrir flokkun í manntali

Í kaflanum er að finna umfjöllun um gögnin sem flokkunarkerfið nær yfir og leiðbeiningar um flokkun stofnanaíbúa í manntali samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja.

Gögn

Yfirlit yfir stofnanir fékkst með heimildaöflun á vefsíðum viðkomandi stjórnsýslustofnana, sveitarfélaga og félagasamtaka. Að auki með sérstakri gagnasöfnun Hagstofu meðal sveitarfélaga, félagasamtaka, stjórnsýslustofnana og annarra aðila. Sérstakt yfirlit yfir studda búsetu aldraðra var unnið af Steinunni Kristínu Jónsdóttur, félagsráðgjafa hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi, og byggir á meistaraverkefni hennar.³⁴

Eins og ofar hefur verið vikið að mun Hagstofan telja fólk til heimilis þar sem það býr vanalega eða að staðaldri.³⁵ Í meirihluta tilvika er búseta að staðaldri hin sama og skráð lögheimili. Því byggir yfirlit yfir íbúa á stofnunum að stórum hluta til á lögheimilisskráningu einstaklinga í þjóðskrá.

Þegar stjórnsýsluskrár benda til vanalegrar búsetu á öðrum stað en lögheimili, munu aðrar heimildir að jafnaði ákvarða búsetu einstaklinga. Í einhverjum tilfellum hefur þurft að leita beint til forsvarsmanna stofnananna, en vegna manntalsins 2011 aflaði Hagstofan gagna frá forsvarsmönnum námsgarða, stofnana fyrir börn og unglunga, fangelsa, vinnubúða og heimila fyrir hælisleitendur.

Meginreglur um flokkun

Meginreglan er sú að í manntali skal telja á stofnanaheimilum þá sem þar hafa dvalið í 12 mánuði eða lengur á viðmiðunardegi manntals, eða fyrirsjáanlegt er að muni dvelja á stofnanaheimili í 12 mánuði eða lengur á viðmiðunardeginum. Þessi regla fellur í flestum tilvikum að skráningu lögheimilis í þjóðskrá. Þegar aðrar heimildir gefa til kynna búsetu á stofnanaheimili, sem stangast á við skráð lögheimili, er þeim heimildum hins vegar fylgt. Greint er frá viðmiðum þar að lútandi í umfjöllun um viðkomandi flokk.

Hafi annað hjóna aðsetur sitt á stofnun, en hitt ekki, er lögheimili beggja skráð í þjóðskrá á einkaheimilinu. Í þeim tilvikum skal litið svo á í manntalinu að þau séu ekki í samvistum, og aðsetrið á stofnuninni talið fyrir þann einstakling sem í raun er þar búsettur. Sama gildir ef um barn er að ræða sem býr að staðaldri á heimili fyrir börn eða unglunga. Ef hjón eru á sinni hvorri systurstofnuninni, t.d. annað í hjúkrunarheimilishlutann en hitt í studdri búsetu, skal telja hjónin vera í samvistum og bæði á hjúkrunarheimilinu.

Í mörgum tilvikum bjóða stofnanir upp á húsnæði fyrir starfsmenn sína. Reyna skal eftir fremsta megni að greina þá frá skjólstaðingum stofnunarinnar. Starfsmenn og fjölskyldur þeirra skal telja sem búandi á einkaheimili, jafnvel þótt ef til vill sé ekki vitað nánar um húsnæðisaðstæður þeirra.

Einkaheimili á hótelum og gistiheimilum

Þegar einstaklingur eða fjölskylda telst búa á einkaheimili, en heimili þeirra er í sambýlishúsnæði er oft ekki hægt að tengja fjölskyldueininguna við tiltekna íbúð. Í þeim tilvikum verður að mynda heimiliseiningu sem samsvarar fjölskyldueiningunni: Einstaklingsheimili, heimili hjóna/sambúðarfólks með eða án barna og heimili einstæðra foreldra með börn. Í þessu samhengi skiptir ekki máli hversu gömul börnin eru. Þetta á aðallega við um búsetu á gistiheimilum og hótelum, en getur átt við búsetu í annars konar sambýlishúsnæði eða innan stofnana.

³⁴ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

³⁵ Hugtökin „vanaleg búseta“ og „búseta að staðaldri“ eru notuð jöfnum höndum í þessari skýrslu og eru látin tákna hið sama.

Nánari leiðbeiningar um einstaka flokka stofnanaheimila

Í næstu köflum er nánari grein gerð fyrir helstu álitamálum sem þarf að taka afstöðu til þegar flokkað er í einstaka flokka flokkunarkerfisins.

1 Námsgarðar og heimavistir

Í manntali skal eingöngu telja námsgarða sem reknir eru í tengslum við skóla á háskólastigi, en nemendur á framhaldsskólastigi teljast búsettir á einkaheimili forráðamanna sinna, nema þeir hafi sjálfir stofnað eigið heimili.³⁶ Námsgarðar eru aðallega ætlaðir til notkunar nemenda, maka þeirra og barna, en aðeins skal telja þá nemendur og/eða fjölskyldur sem hafa 12 mánaða leigu á viðmiðunardegi. Hafi þeir þrátt fyrir það skráð lögheimili á námsgarði með minni en 12 mánaða leigu skal engu að síður skrá þá til heimilis í námsgörðunum meðan þeir stunda nám. Leigjendur námsgarða sem ekki eru skráðir í háskólanám á viðmiðunardegi manntals skal telja sem búandi á einkaheimili.

2 Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir

Flokkur þessi skiptist í annars vegar heilbrigðisstofnanir og hins vegar öldrunarstofnanir. Við talningu stofnanaíbúa á öldrunarstofnunum gilda ákveðin sérviðmið sem greint er frá að neðan.

2.1 Heilbrigðisstofnanir

Allir íbúar sem eiga lögheimili á heilbrigðisstofnun skulu teljast þar til heimilis, sem og þeir sem dveljast þar til lengri tíma en 12 mánaða samkvæmt leguskrá Tryggingastofnunar. Þó skal ekki telja starfsmenn sem eiga lögheimili á heimilisfangi stofnunarinnar til íbúa stofnunarinnar. Eftirfarandi meginregla er notuð við mat á vanalegri búsetu einstaklinga á heilbrigðisstofnunum: Allir þeir sem eru í langtímabúsetu á heilbrigðisstofnun samkvæmt leguskrá Tryggingastofnunar og/eða fá greidda vasapeninga elli- eða örorkulífeyris samkvæmt greiðsluskrá Tryggingastofnunar og/eða hafa skráð lögheimili á heilbrigðisstofnunum, eru taldir búsettir á slíkum.

2.2 Öldrunarstofnanir

Við mat á vanalegri búsetu á öldrunarstofnunum þarf að huga sérstaklega að tveimur frávikum frá lögheimilisskráningu. Annars vegar þeirri staðreynd að einstaklingum sem flytjast á öldrunarstofnanir er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður, samkvæmt 4. grein laga um lögheimili nr. 21/1990. Hins vegar að samkvæmt 7. grein sömu laga skulu hjón eiga sama lögheimili. Það getur þýtt að sé annar makinn fluttur á öldrunarstofnun en hinn ekki, verður lögheimili áfram á einkaheimili viðkomandi.

Til að tryggja að þeir stofnanaíbúar sem ekki hafa flutt lögheimili sitt á stofnun, eða eiga maka sem er búsettur á einkaheimili, séu taldir í manntali er litið til annarra heimilda en lögheimilisskráningar. Í fyrsta lagi er litið til leguskrár Tryggingastofnunar sem gefur yfirlit yfir legur á heilbrigðis- og öldrunarstofnunum, og greiðsluskrár sem heldur yfirlit yfir hverjir fá greidda vasapeninga elli- og örorkulífeyris frá Tryggingastofnun. Slíkar greiðslur fá stofnanaíbúar á öldrunarstofnunum í stað lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Eftirfarandi meginregla er notuð við mat á vanalegri búsetu einstaklinga á öldrunarstofnunum: Allir þeir sem eru í langtímabúsetu á öldrunarstofnun samkvæmt leguskrá Tryggingastofnunar og/eða fá greidda vasapeninga elli- eða örorkulífeyris samkvæmt greiðsluskrá Tryggingastofnunar og/eða hafa skráð lögheimili á öldrunarstofnun, eru taldir búsettir á slíkum.

Þó skal ekki telja með starfsmenn sem eiga lögheimili á heimilisfangi stofnunarinnar.

³⁶ Samanber reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1201/2009 um manntöl og húsnæðistöl.

Loks ber að taka fram að stofnanaíbúar á dvalarheimilum eru ekki taldir til öldrunarstofnana, heldur til studdrar búsetu aldraðra undir floknum 4.1 *Dvalarheimili*.

3 Stofnanir fyrir börn og unglinga

Þegar um skammtíamavistun á stofnunum fyrir börn og unglinga er að ræða, skal ekki telja þau börn sem stofnanaíbúa, heldur telja þau til heimilis foreldra eða forráðamanna sinna.

4 Studd búseta

Til stofnanaíbúa studdrar búsetu teljast íbúar á dvalarheimilum, heimilum fyrir aldraða og heimilum fyrir fatlað fólk. Þeir sem búsettir eru í athvörfum fyrir heimilislausu eru taldir sem heimilislausir í manntali, en teljast ekki til stofnanaíbúa.

4.1 Dvalarheimili

Líkt og við mat á vanalegri búsetu á öldrunarstofnunum, þarf einnig að huga að ákveðnum frávikum frá lögheimilisskráningu við mat á búsetu á dvalarheimilum. Annars vegar er einstaklingi sem flyst á dvalarheimili leyfilegt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður, samkvæmt 4. grein laga um lögheimili nr. 21/1990. Þá þarf að líta til svokallaðrar makareglu í fyrrnefndum lögum, en samkvæmt 7. grein þeirra skulu hjón eiga sama lögheimili. Það getur þýtt að sé annar makinn fluttur á dvalarheimili en hinn ekki, verður lögheimili áfram á einkaheimili hjónanna. Í manntalinu skal hins vegar litið svo á að hjón séu ekki samvistum í þessum tilvikum, og að annað þeirra búi á stofnun.

Til að tryggja að allir stofnanaíbúar á dvalarheimilum séu taldir í manntalinu gildir því eftirfarandi meginregla: Allir þeir sem eru í langtímabúsetu á dvalarheimili samkvæmt leguskrá Tryggingastofnunar og/eða fá greidda vasapeninga elli- eða örorkulífeyris samkvæmt greiðsluskrá Tryggingastofnunar og/eða hafa skráð lögheimili á dvalarheimili, eru taldir búsettir á dvalarheimili.

4.2 Studd búseta fyrir aldraða

Engin frávik eða sérreglur.

4.3 Studd búseta fyrir fatlað fólk

Þegar um skammtíamavistun er að ræða, skal ekki telja viðkomandi sem stofnanaíbúa, heldur telja til einkaheimilis á þeim stað er hann eða hún hefur vanalega búsetu.

4.4 Athvörf fyrir heimilislausu

Heimilislausir teljast ekki til stofnanaíbúa í manntali, samanber eftirfarandi skilgreiningu manntalsins á hugtakinu:

Með heimilislausum er átt við þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hefðbundnu húsnæði, hafa ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gista þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýlum fyrir heimilislausu, hjá hjálparstofnunum eða inni á öðru fólk.

Ennfremur skal telja til heimilislausra þá sem hafa vanalega búsetu í húsnæði sem ætlað er að veita heimilislausum húskjól eða hafa þar skráð lögheimili.

5 Fangelsisstofnanir

Fangar sem afplána refsingu sína með rafrænu eftirliti frá heimili sínu skal ekki telja með stofnanaíbúum á fangelsisstofnunum, heldur til einkaheimilisins. Fangar í vist, t.d. á Sólheimum, skulu teljast með íbúum í samræmi við flokkun viðkomandi stofnunar. Sama gildir um fanga sem eru til lengri tíma vistunar (12 mánuði eða lengur) á heilbrigðisstofnun.

6 Trúarreglur

Engin frávik eða sérreglur.

7 Vinnubúðir

Þegar um lengri dvöl starfsmanna er að ræða (12 mánuðir eða lengur) í vinnubúðum, skal telja þá til búsetu í vinnubúðum standi sú búseta á viðmiðunardegi manntals. Starfsmenn sem einungis dvelja í vinnubúðum meðan á vinnu stendur en fara til síns heima á frídögum skal ekki telja til heimilis í vinnubúðum. Þegar skoðuð er lögheimilisskráning í slíku húsnæði skal miða við að fjórir af hverjum fimm fullorðnum íbúum starfi hjá fyrirtækinu sem ræður yfir húsnæðinu.³⁷

Lögum samkvæmt mátti áður fyrr ekki skrá fólk til lögheimilis í vinnubúðir, enda taldist hún ekki föst búseta. Lögum um lögheimili nr. 21/1990 var hins vegar breytt árið 2007, en þá var skotið inn eftirfarandi ákvæði í 1. gr. s.l.: „Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. má heimila tímabundna skráningu lögheimilis í starfsmannabústað“. Þjóðskrá Íslands heldur þó ekki sérstaklega utan um slíka tímabundna skráningu heldur hefur lögheimilisskráningin verið ótímabundin með sama hætti og hjá öðrum.

Starfsmannaíbúðir sem reistar eru til íbúðar starfsmanna og fjölskyldna þeirra á lóð annarra stofnana, og ekki eru ætlaðar til skammtímadvalar, skal þó ekki flokka sem sambýlishúsnæði. Búseta í slíku húsnæði skal teljast sem búseta á einkaheimilum enda sé hún að öllu öðru leyti sambærileg.

Í svörum sveitarfélaga um búsetu starfsmanna í svokölluðum verbúðum víða um land, kemur í ljós að ekki er hægt að greina einstök híbýli innan þessara búða eða tengja einstaklingana við þær. Þær eru og flestar skráðar sem verbúðir fremur en íbúðarhús í fasteignaskrá. Allar slíkar verbúðir eru flokkaðar sem sambýlishúsnæði í manntalinu, en um aðgreiningu einstakra heimila fer eftir reglum um skilgreiningu einkaheimila í gistihúsum, ef reglunni hér að ofan um atvinnu íbúanna er ekki beitt.

8 Aðrar stofnanir

Hælisleitendur hafa ekki lögheimili á Íslandi en hafi þeir dvalið á landinu í 12 mánuði eða lengur eða fyrirsjáanlegt er að dvöl þeirra muni ná þeim mörkum á viðmiðunardegi manntals skal telja þá með búsetu að staðaldri á Íslandi. Alla hælisleitendur sem eru í húsnæði á vegum yfirvalda skal telja til stofnana fyrir hælisleitendur, hvernig svo sem fyrirkomulagi búsetunnar er háttað.

³⁷ Ákvörðunin um hlutfall þetta er geðþóttaákvörðun.

Heimildir

- Barnaverndarstofa (2011). *Meðferðarheimili Barnaverndarstofu*. Sótt 15. nóvember 2011, af: <bvs.is/?m=3&ser=98>.
- Commission Regulation (EC) No. 1201/2009 (OJ L 329, 15.12.2009). (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tæknilega lýsingu á efnisþáttum og á sundurliðun þeirra).
- Fangelsismálastofnun (2011). *Fangelsi ríkisins*. Sótt 15. nóvember 2011, af: <www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/>.
- Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilislausa: Aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið. Sótt 16. nóvember 2011, af: <www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/skyrsla_heimilislausir.pdf>.
- Félagsmálaráðuneytið (2006). *Mótum framtíð: Þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007–2016*. Sótt 26. janúar 2012, af: <www.velferdarraduneyti.is/media/thjonusta_f/framtidarsyn.pdf>.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2008). *Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára: Tillögur ráðgjafarhóps félags- og tryggingamálaráðherra*. Sótt 5. mars 2012, af: <www.velferdarraduneyti.is/utgefid-efni/utgafa/nr/4888>.
- Félagsstofnun Stúdentanna — Stúdentagarðar (2012). *Íbúðir*. Sótt 26. janúar 2012, af: <www.studentagardar.is/index.jsp?ib_page=9&iw_language=is_IS>.
- Geðsvið Landspítala (2007). *Leiðir: Upplýsingar um úrræði og þjónustu ætlaðir fólki sem nýttir geðheilbrigðisþjónustuna*. Sótt 15. nóvember 2011, af: <www.landspitali.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=22167>.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2010). *Notendastýrð persónuleg aðstoð og kostnaður við þjónustu við aldraða og fatlaða*. Sótt 5. mars 2012, af: <www.samband.is/media/felagsthjonusta/Notendastyrdd-personlueg-adferd.pdf>.
- Hagstofa Íslands (2010). *Vistrymi fyrir aldraða á stofnunum eftir landsvæðum 1993–2010*. Sótt 5. mars 2012, af: <hagstofa.is/pages/2052>.
- Lög um almannatryggingar nr. 100/2007.
- Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.
- Lög um lögheimili nr. 21/1990.
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/199.
- OECD (2011). *The OECD Glossary of Statistical Terms*. Sótt 15. nóvember 2011, af: <www.stats.oecd.org/glossary/>.
- Reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 4/2010.
- Reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra nr. 155/1995.
- Reykjavík (2011). *Úrræði sem í boði eru af hálfu ríkis, borgar og félagasamtaka*. Sótt 15. nóvember 2011, af: <reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3421>.
- Steinunn Kristín Jónsdóttir (2009). *Sérhannað húsnæði aldraðra: Stefnumótun og löggjöf á Íslandi 1983–2008*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands: Reykjavík. Sótt 16. nóvember 2011, af: <skemman.is/handle/1946/4080>.
- United Nations (2006). *Conference of European Statisticians Recommendations for the 2010 Censuses of Population and Housing*. Sótt 14. nóvember 2011, af: <unstats.un.org/unsd/censuskb20/KnowledgebaseArticle10219.aspx>.
- Velferðarráðuneytið (2012). *Lykiltölur um heilbrigðisþjónustu*. Sótt 9. mars 2012, af: <www.velferdarraduneyti.is/tolfraedi_heilb/>.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar (2010). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 2010*. Sótt 16. nóvember 2011, af: <reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferðarsvi_nytt/arsskyrslur/Velferðarsvið-arssk-2010-29ag-loka.pdf>.

Viðauki 1: Búseta aldraðra utan stofnana

Eins og kemur fram í meginþexta telst búseta aldraðra í húsnæði þar sem hvorki er í boði hvorutveggja hálf fæði né sólarhringsvakt heilbrigðisstarfsmanns eða jafngilt öryggiskerfi, ekki til studdrar búsetu aldraðra heldur til einkaheimila. Hér getur ýmist verið um að ræða búsetu í almennu húsnæði eða sérhönnuðu húsnæði fyrir aldraða. Með því að bæta slíkum viðmiðunum við flokkun stofnana má fá heildarsýn á húsnæðisúrræði sem í boði eru fyrir aldrað fólk. Þó verður að hafa í huga að aldraðir geta auk búsetu í öldrunarstofnunum og studdri búsetu verið búsettir á heilbrigðisstofnunum.

Almennt húsnæði telst vera allt húsnæði sem aldraðir búa í að staðaldri, sem ekki er sérstaklega hannað fyrir ákveðinn markhóp.

Sérhannað húsnæði aldraðra er hins vegar sérstaklega hannað fyrir og ætlað öldruðum. Samkvæmt flokkun Steinunnar Kristínar Jónsdóttur, félagsráðgjafa hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi, má skipta sérhönnuðu húsnæði fyrir aldraða utan stofnana í annars vegar íbúðir aldraðra og hins vegar svokallaðar virkniíbúðir (sjá töflu 2).³⁸ Búsetu aldraðra í studdri búsetu og á öldrunarstofnunum er gerð skil í köflum 4.1 og 4.2.

Tafla 2. Flokkun búsetu aldraðra utan stofnana

-
- 1 Húsnæði án aldurskvaða
 - 2 Íbúðir fyrir aldraða
 - 3 Virkniíbúðir
-

Flokkun sérhannaðs húsnæðis fyrir aldraða byggist á þremur meginþáttum, þ.e. rétti til búsetu, hönnun húsnæðis og þeirri þjónustu sem íbúum stendur til boða.

Réttur til búsetu er háður aldri og getur verið allt frá 50 ára og eldri upp í 70 ára og eldri. Aðgangur að húsnæði í eigu sveitarfélaga er oft háður mati á þörf út frá efnahagslegum og félagslegum aðstæðum. Við hönnun húsnæðis er tekið mið af þörfum hreyfikertra einstaklinga, en þó þarf ekki að uppfylla viðmið um hönnun fyrir alla.

Þá getur þjónustustig í sérhönnuðu húsnæði fyrir aldraða verið mjög misjafnt. Í sumum tilfellum er engin þjónusta fyrir hendi, en yfirleitt er umsjón með viðhaldi húsnæðis og þrif á sameign í höndum rekstraraðila húsnæðisins. Innan virkniíbúða er þjónustustig hærra heldur en í íbúðum aldraðra. Í þeim fyrrnefndu er aðgengi að hádegismat í nærliggjandi byggingum og í einhverjum tilfellum einnig að félagsstarfi og öryggisvakt á dagvinnutíma. Loks er oft um að ræða einhverja sameiginlega aðstöðu til afnota fyrir íbúa.

³⁸ Steinunn Kristín Jónsdóttir 2009.

Viðauki 2: Íslenskar stofnanir í manntalinu 2011

Tafla 3. Íslenskar stofnanir í manntalinu 2011

1 Námsgarðar

1.1 Námsgarðar

Byggingarfélag námsmanna Reykjavík	Reykjavík
Byggingarfélag námsmanna Hafnarfirði	Hafnarfjörður
Byggingarfélag námsmanna Laugarvatni	Bláskógabyggð
Félagsstofnun stúdenta Reykjavík	Reykjavík
Félagsstofnun stúdenta Garðabæ	Garðabær
Háskólagarðar ehf	Reykjanesbær
Nemendagarðar Bifröst	Borgarbyggð
Nemendagarðar Landbúnaðarháskóla Íslands	Borgarbyggð
Nemendagarðar Hólaskóla	Sveitarfélagið Skagafjörður
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri	Akureyri

2 Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir

2.1 Heilbrigðisstofnanir

Landspítali háskólasjúkrahús Hringbraut	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús BUGL	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogur	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Grensás	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Kleppur	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Landakot	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Laugarásvegur	Reykjavík
Landspítali háskólasjúkrahús Líknardeild	Kópavogur
Landspítali háskólasjúkrahús, St. Jósefsspítali	Hafnarfjörður
Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri
Kristnesspítali	Eyjafjarðarsveit
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbæ	Reykjanesbær
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Víðihlíð	Grindavíkurbær
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	Akranes
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi	Stykkishólmur
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Bolungarvík	Bolungarvík
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði	Ísafjarðarbær
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Vesturbyggð
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hólmavík	Strandabyggð
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga	Húnaþing vestra
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Sveitarfélagið Skagafjörður
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Blönduósibær
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Norðurþing
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	Fjallabyggð
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Seyðisfirði	Seyðisfjörður
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað	Fjarðabyggð
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum	Fljótaldshérað
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Sveitarfélagið Hornafjörður
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Sveitarfélagið Árborg
Réttargeðdeildin Sogni	Hveragerði
Hlein, Reykjalundi	Mosfellsbær
Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS	Mosfellsbær
Heilsustofnun NLFÍ	Hveragerði
Sjúkrahús SÁÁ, Vogur	Reykjavík
Meðferðarheimili SÁÁ, Vík	Reykjavík
Meðferðarheimili SÁÁ, Hlaðgerðarkot	Mosfellsbær
Meðferðarheimili SÁÁ, Staðarfell	Dalabyggð
Brautin áfangheimili	Reykjavík
Brú áfangheimili	Reykjavík
Dyngjan áfangheimili	Reykjavík
Miklabraut áfangheimili	Reykjavík
Sporið áfangheimili	Reykjavík
Takmark áfangheimili	Reykjavík

Vin áfangenheimili	Reykjavík
Krossgötur áfangenheimili	Kópavogur
2.2 Öldrunarstofnanir	
Eir, hjúkrunarheimili	Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili	Reykjavík
Hrafnista, dvalar- og hjúkrunarheimili	Reykjavík
Laugaskjól	Reykjavík
Mörkin, hjúkrunarheimili	Reykjavík
Seljahlíð, hjúkrunarheimili og þjónustuíbúðir	Reykjavík
Skjól, hjúkrunarheimili	Reykjavík
Skógarbær, hjúkrunarheimili	Reykjavík
Sóltún, hjúkrunarheimili	Reykjavík
Stoðbýlið Foldabær	Reykjavík
Boðarþing, Hrafnista DAS	Kópavogur
Roðasalir, hjúkrunarheimili	Kópavogur
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili	Kópavogur
Holtsbúð, hjúkrunarheimili	Garðabær
Hrafnista DAS	Hafnarfjörður
Sólvangur, hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður
Hlévangur, hjúkrunarheimili	Reykjanesbær
Garðvangur, hjúkrunarheimili	Sveitarfélagið Garður
Höfði, dvalar- og hjúkrunarheimili	Akranes
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	Borgarbyggð
Fellaskjól, hjúkrunar- og dvalarheimili	Grundarfjarðarbær
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	Stykkishólmur
Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili	Snæfellsbær
Fellsendi, hjúkrunarheimili	Dalabyggð
Silfurtún, hjúkrunar- og dvalarheimili	Dalabyggð
Barmahlíð, dvalar- og hjúkrunarheimili	Reykholahreppur
Heilbrigðisst. Sauðárkróki hjúkrunar- og dvalarheimili	Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæborg, dvalar- og hjúkrunarheimili	Sveitarfélagið Skagatrönd
Bakkahlíð	Akureyri
Hlíð	Akureyri
Kjarnalundur	Akureyri
Hvammur, hjúkrunar- og dvalarheimili	Norðurþing
Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili	Fjallabyggð
Dalbær, hjúkrunar- og dvalarheimili	Dalvíkurbyggð
Grenilundur	Grytubakkahreppur
Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili	Langanesbyggð
Hulduhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili	Fjarðabyggð
Uppsálar, hjúkrunar- og dvalarheimili	Fjarðabyggð
Sundabúð, hjúkrunarheimili	Vopnafjarðarhreppur
Hraunbúðir, hjúkrunar- og dvalarheimili	Vestmannaeyjar
Heilbrigðisst. Suðurlands, Ljósheimar og Fossheimar	Sveitarfélagið Árborg
Kumbaravogur, hjúkrunar- og dvalarheimili	Sveitarfélagið Árborg
Sólvellir, hjúkrunar- og dvalarheimili	Sveitarfélagið Árborg
Hjallatún dvalarheimili aldraðra	Mýrdalshreppur
Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili	Skaftárhreppur
Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili	Rangárþing eystra
Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili	Rangárþing ytra
Ás og Ásbyrgi, hjúkrunar- og dvalarheimili	Hveragerði
Blesastaðir, hjúkrunar- og dvalarheimili	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
3 Stofnanir fyrir börn og unglinga	
3.1 Barna- og unglingaheimili	
Fjölskylduheimili Ásvallagötu	Reykjavík
Stuðlar meðferðarstöð fyrir unglinga	Reykjavík
Meðferðarheimilið að Háholti	Sveitarfélagið Skagafjörður
Meðferðarheimilið Laugaland	Hörgársveit
Meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakki	Rangárþing ytra
4 Studd búseta	
4.1 Dvalarheimili	

	Dvalarheimilið Fell	Reykjavík
	Dvalarheimili aldraðra Lagarási	Fljótdalshérað
4.2	<i>Studd búseta aldraðra</i>	
	Brúnavegur	Reykjavík
	Eirarhús	Reykjavík
	Eirborgir	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Dalbraut	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Furugerði	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Lindargötu	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Lönguhlíð	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Norðurbrún	Reykjavík
	Þjónustuíbúðir aldraðra Kópavogsbraut	Kópavogur
	Skólabraut	Seltjarnarnes
	Eirhamrar	Mosfellsbær
	Austurvegur	Grindavíkurbær
	Íbúðir aldraðra Borgarbraut	Borgarbyggð
	Hrannarstígur	Grundarfjarðarbær
	Hlíf, íbúðir fyrir aldraða 1 og 2	Ísafjarðarbær
	Tjörn, heimili aldraðra	Ísafjarðarbær
	Búseturéttaríbúðir Miðhvammi	Norðurþing
	Skálarhlíð	Fjallabyggð
	Sundabúð	Vopnafjarðarhreppur
4.3	<i>Studd búseta fyrir fatlað fólk</i>	
	Áfangastaðurinn Byggðarendi	Reykjavík
	Áfangastaðurinn Dreka­vogi	Reykjavík
	Áfangastaðurinn Hátúni	Reykjavík
	Áfangastaðurinn Skipholt	Reykjavík
	Búsetukjarni Skarphéðinsgötu	Reykjavík
	Búsetukjarninn Austurbrún	Reykjavík
	Búsetukjarninn Bergþórugötu	Reykjavík
	Búsetukjarninn Dalbraut	Reykjavík
	Búsetukjarninn Hraunbæ	Reykjavík
	Búsetukjarninn Skúlagötu	Reykjavík
	Búsetukjarninn Starengi	Reykjavík
	Búsetukjarninn Þórðarsveig	Reykjavík
	Búsetuþjónusta Esjugrund	Reykjavík
	Búsetuþjónusta Gunnarsbraut	Reykjavík
	Búsetuþjónusta Sóleyjargötu	Reykjavík
	Dvalarheimili Sjálfsbjargar	Reykjavík
	Frekari liðveisla Sléttuvegi	Reykjavík
	Heimili fyrir börn Móvaði	Reykjavík
	Íbúðakjarninn Einarsnesi	Reykjavík
	Íbúðakjarninn Skúlagötu	Reykjavík
	Sambýli Auðarstræti	Reykjavík
	Sambýli Háteigsvegi	Reykjavík
	Sambýli Kleppsvegi	Reykjavík
	Sambýli Langagerði	Reykjavík
	Sambýli Lálandi	Reykjavík
	Sambýli Víðihlíð	Reykjavík
	Sambýlið Barðastöðum	Reykjavík
	Sambýlið Bleikargróf	Reykjavík
	Sambýlið Bröndukvísl	Reykjavík
	Sambýlið Fannafold	Reykjavík
	Sambýlið Flókagötu	Reykjavík
	Sambýlið Flókagötu	Reykjavík
	Sambýlið Grundarlandi	Reykjavík
	Sambýlið Hólabergi	Reykjavík
	Sambýlið Hólm­asundi	Reykjavík
	Sambýlið Jöklaseli	Reykjavík
	Sambýlið Lækjarási	Reykjavík
	Sambýlið Mururima	Reykjavík

Sambýlið Mýrarási	Reykjavík
Sambýlið Skagaseli	Reykjavík
Sambýlið Sogavegi	Reykjavík
Sambýlið Sólheimum	Reykjavík
Sambýlið Sporhömrum	Reykjavík
Sambýlið Stigahlíð	Reykjavík
Sambýlið Stigahlíð	Reykjavík
Sambýlið Stuðlaseli	Reykjavík
Sambýlið Tindaseli	Reykjavík
Sambýlið Trönuhólum	Reykjavík
Sambýlið Vallengi	Reykjavík
Sambýlið Vesturbrunn	Reykjavík
Sambýlið Viðarrima	Reykjavík
Sambýlið Vættaborgum	Reykjavík
Sambýlið Þorláksgæisla	Reykjavík
Skammtímavistun Álfalandi	Reykjavík
Skammtímavistun Árlandi	Reykjavík
Skammtímavistun Eikjuvogi	Reykjavík
Skammtímavistun Hólabergi	Reykjavík
Skammtímavistunin Holtavegi	Reykjavík
Sólarlagsákvæði Asparfell	Reykjavík
Sólarlagsákvæði Kriuhólum	Reykjavík
Verndað heimili Norðurbrunn	Reykjavík
Þjónustukjarninn 2 Rangársel	Reykjavík
Þjónustukjarninn 2 Starengi	Reykjavík
Þjónustukjarninn Hverfisgötu	Reykjavík
Þjónustukjarninn Lindargötu	Reykjavík
Þjónustukjarninn Ránargötu	Reykjavík
Heimilið Dimmuhvarfi	Kópavogur
Heimilið Marbakkabraut	Kópavogur
Heimilið Vallargerði	Kópavogur
Sambýlið Kastalagerði	Kópavogur
Skammtímavistun Hrauntungu	Kópavogur
Þjónustuíbúðir Hörðukór	Kópavogur
Þjónustukjarni Skjólbraut	Kópavogur
Bjarg vistheimili	Seltjarnarnes
Heimilið Sæbraut	Seltjarnarnes
Heimilið Krókamýri	Garðabær
Heimilið Sigurhæð	Garðabær
Heimilið Ægisgrund	Garðabær
Skammtímavistun Móaflöt	Garðabær
Heimilið Berjahlíð	Hafnarfjörður
Heimilið Blikaás	Hafnarfjörður
Heimilið Einiberg	Hafnarfjörður
Heimilið Erluás	Hafnarfjörður
Heimilið Hjallabraut	Hafnarfjörður
Heimilið Smárahvammur	Hafnarfjörður
Heimilið Steinahlíð	Hafnarfjörður
Heimilið Svöluási	Hafnarfjörður
Heimilið Svöluhrauni	Hafnarfjörður
Skammtímavistun Hnotubergi	Hafnarfjörður
Þjónustuíbúðarkjarni Hverfisgötu og Norðurbakka	Hafnarfjörður
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	Hafnarfjörður
Heimilið Miðskógar	Sveitarfélagið Álftanes
Heimilið Hulduhlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Austurhlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Fagrahlíð / Litlahlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Langahlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Norðurhlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Vesturhlíð	Mosfellsbær
Sambýlið Víðihlíð	Mosfellsbær

Þjónustuíbúðir Klapparhlíð	Mosfellsbær
Þjónustuíbúðir Þverholti	Mosfellsbær
Heimilið Lyngmóa 10	Reykjanesbær
Heimilið Lyngmóa 17	Reykjanesbær
Þjónustuíbúðir Seljudal	Reykjanesbær
Heimilið Túngötu	Grindavíkurbær
Skammtímavistun Heiðarholti	Sveitarfélagið Garður
Vistheimilið Vellir	Sveitarfélagið Garður
Sambýlið Laugarbraut	Akranes
Sambýlið Vesturgötu	Akranes
Herdísarholt	Hvalfjarðarsveit
Skammtímavistun Holti	Eyja- og Miklaholtshreppur
Skammtímavistun Gufuskálum	Snæfellsbær
Þjónustuíbúð Austurvegi	Ísafjarðarbær
Þjónustuíbúðir Fjarðarstræti	Ísafjarðarbær
Þjónustuíbúðir Sindragötu	Ísafjarðarbær
Þjónustuíbúð Strandasýsla	Kaldrananeshreppur
Sambýli Fellstúni	Sveitarfélagið Skagafjörður
Sambýli Kleifatúni	Sveitarfélagið Skagafjörður
Skammtímavistun Grundarstíg	Sveitarfélagið Skagafjörður
Þjónustuíbúðir Freyjugötu	Sveitarfélagið Skagafjörður
Sambýli Grundartúni	Húnaþing vestra
Sambýli Skúlabraut	Blönduósibær
Áfangenheimilið Hamratúni	Akureyri
Sambýli Brálundi	Akureyri
Sambýli Dvergagili 3	Akureyri
Sambýli Dvergagili 40	Akureyri
Sambýli Geislatúni	Akureyri
Sambýli Hafnarstræti	Akureyri
Sambýli Jörvabyggð	Akureyri
Sambýli Snægili	Akureyri
Sambýli Þrastarlundi	Akureyri
Sambýli Ægisgötu	Akureyri
Skammtímavistun Skólastíg	Akureyri
Þjónustukjarni Klettatúni	Akureyri
Þjónustukjarni Skútagili	Akureyri
Þjónustukjarni Vallartúni	Akureyri
Heimilið Pálsgarður	Norðurþing
Sambýli Lindargötu	Fjallabyggð
Þjónustuíbúðir Siglufirði	Fjallabyggð
Þjónustukjarni Bakkabakki	Fjarðabyggð
Sambýli Bláargerði	Fljótdalshérað
Þjónustukjarni Kaupvangur	Fljótdalshérað
Þjónustukjarni Miðvangur og íbúðir	Fljótdalshérað
Sambýlið Hólabrekka	Sveitarfélagið Hornafjörður
Sambýlið Vestmannabraut	Vestmannaeyjar
Skammtímavistun Álftarima	Vestmannaeyjar
Heimilið Vallholt 9	Sveitarfélagið Árborg
Heimilið Vallholt 12-14	Sveitarfélagið Árborg
Sambýlið Kerlingardalur	Mýrdalshreppur
Heimilið Birkimörk	Hveragerði
Heimilið Selvogsbraut	Sveitarfélagið Ölfus
Sambýlið Breiðabólstaður	Sveitarfélagið Ölfus
Sólheimar - Bláskógar	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Brekkukot	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Selhamar	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Steinhlíð	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Sumarhús	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Undirhlíð	Grímsnes- og Grafningshreppur
Sólheimar - Upphæðir	Grímsnes- og Grafningshreppur
Skaftholt	Skeiða- og Gnúpverjahreppur

4.4	<i>Athvörf fyrir heimilislausa</i>	
	Gistiskýli, Þingholtsstræti	Reykjavík
	Heimili fyrir heimilislausa karlmenn, Njálsgötu	Reykjavík
	Konukot, Eskihlíð	Reykjavík
	Mýrin, Skeggjagata	Reykjavík
	Smáhýsi fyrir utangarðsfólk, Fiskislóð	Reykjavík
	Stuðningsheimilið, Miklubraut	Reykjavík
5	Fangelsisstofnanir	
5.1	<i>Fangelsi og áfangaheimili fanga</i>	
	Áfangaheimilið Vernd	Reykjavík
	Hegningarhúsið	Reykjavík
	Fangelsið Kópavogi	Kópavogur
	Fangelsið Kviabryggju	Grundarfjarðarbær
	Fangelsið Akureyri	Akureyri
	Fangelsið Bitra	Sveitarfélagið Árborg
	Fangelsið Litla-Hrauni	Sveitarfélagið Árborg
6	Trúarreglur	
6.1	<i>Trúarreglur</i>	
	Dómkirkja Krists konungs Landakoti	Reykjavík
	Kærleiksboðberar (Teresusystur)	Reykjavík
	Mariukirkja	Reykjavík
	Karmelklaustrið í Hafnarfirði	Hafnarfjörður
	St. Jósefskirkja	Hafnarfjörður
	Systraheimili Öldugötu	Hafnarfjörður
	Systraheimili Jófríðarstaðarvegi	Hafnarfjörður
	Mariúsystur	Stykkishólmur
	Kaþólska kirkjan, Ísafirði	Ísafjarðarbær
	Karmelsystur hins guðdómlega hjarta Jesú	Akureyri
	Kaþólska kirkjan, Akureyri	Akureyri
	Kaþólska kirkjan, St. Þorlákskirkja	Fjarðabyggð
	Kapellan á Egilsstöðum	Fljótaldshérað
7	Vinnubúðir	
7.1	<i>Vinnubúðir og starfsmannabúðir</i>	
	Funahöfði	Reykjavík
	Vallá	Reykjavík
	Bugðufliót	Mosfellsbær
	Lundur	Mosfellsbær
	Hafnargata	Fjarðabyggð
	Akur	Bláskógabyggð
8	Aðrar stofnanir	
8.1	<i>Heimili fyrir hælisleitendur</i>	
	Heimili hælisleitenda, Fitjum	Reykjanesbær

Hag tíðindi Greinargerðir
Statistical Series Working papers

100. árg. • 28. tbl. 2015:4

ISSN 0019-1078

ISSN 2298-4119 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 2298-5786 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series